

**24. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Garðakaffi,
4. febrúar 2016 og hófst hann kl. 17:30**

Fundinn sátu:

Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Kristinn Pétursson aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Jón Allansson deildarstjóri minjavörslu og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella Maria Gunnarsdóttir, forstöðumaður.

Fyrir tekið:

1. 1408142 - 100 ára kosningaráttur kvenna

Ingibjörg Pálmadóttir leiðir fulltrúa menningar- og safnanefndar um sýninguna Saga líknandi handa.

Ingibjörg kynnti sýninguna og sýndi ljósmyndir frá henni. Hún benti á að tækifæri felist í tímabundnum sýningum með svipuðu sniði fyrir önnur þemu.

2. 1602052 - Steinaríki Íslands - endurskipulag

Jón Allansson kynnir tillögu að nýrri sýningu Steinaríkis Íslands.

Jón Allansson, deildarstjóri minjavörslu, kynnti tillögu og sýndi myndir af mögulegu útliti á nýrri sýningu á Steinaríki Íslands.

3. 1602053 - Bræðrapartssýning

Jón Allansson kynnir stöðu Bræðrapartssýningar.

Jón Allansson, deildarstjóri minjavörslu, rifjaði upp umfang verkefnis og sýndi bréf frá starfshópi sýningarinnar til bæjarráðs frá 30. apríl 2014. Greint var frá því hverju væri lokið og að hverju yrði unnið næst.

4. 1602055 - Byggðasafnið - framtíðarsýn

Rætt um framtíðarsýn safnasvæðisins, þar með talið geymslumál.

Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála greindi frá hugmyndum sínum um stefnumótun fyrir safnasvæðið.

Jón Allansson, deildarstjóri minjavörslu, fór yfir stöðu á öðrum verkefnum sem til stendur að vinna á árinu 2016.

Forstöðumanni var falið að ræða við bæjastjóra Akraneskaupstaðar um að skapa vettvang í samráði við eignaraðila um framtíðarsýn svæðisins.

Menningar- og safnanefnd leggur til að bygging bátaskýlis sé sett í forgang.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:20.

*Ingþór B. Þórhallsson
Guðmundur Claxton
Kristinn Pétursson
Jón Allansson
Ella María Gunnarsdóttir*

*Jón Allansson
Ella María Gunnarsdóttir*